



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 26. júní 2019

1904003SA KB

Málalykill: 16.10

Efni: Álagsprósentur fasteignaskatts

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 21. júní 2019 var lagt fram meðfylgjandi bréf Alþýðusambands Íslands, dags. 7. júní 2019, um álagsprósentur fasteignaskatts.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin minnir á yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við gerð lífkjarasamninga í apríl sl. þar sem mælt er til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda. Einnig hefur sambandið hvatt sveitarfélög til þess að á árinu 2020 hækki þau gjaldskrár sínar um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga verður lægri. Þessi yfirlýsing nær einnig til B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga. Að öðru leyti er þessu erindi vísað til sveitarfélaganna.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþýðusamband Íslands

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2019

Í tilefni þess að nú liggur fyrir fasteignamat fyrir næsta ár ætlast Alþýðusamband Íslands til þess að sveitarfélög standi við yfirlýsingar gefnar í tengslum við kjarasamninga í apríl og lækki álagsprósentur fasteignaskattsins vegna ársins 2020. Þannig má koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats skili sér sjálfkrafa í skattahækkun til almennings í gegnum hærri álagningu.

Launafólk á almennum vinnumarkaði gekk til samninga og samþykkti þá með því fororði að hið opinbera legðist á árarnar með aðilum vinnumarkaðarins við að halda aftur af útgjaldaaukningu heimila landsins. Stoðirnar undir þeim samningum voru yfirlýsingar stjórnvalda, þar með talin yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nú þegar hefur það sveitarfélag þar sem fasteignamat hækkar mest, Akranes, lýst því yfir að skatthlutfallið verði lækkað þannig að ekki komi til skattahækkunar á heimili. Við fögnum því og hvetjum önnur sveitarfélög til að axla ábyrgð og standa með launafólki til að markmið nýgerðra kjarasamninga um aukinn kaupmátt, lága verðbólgu og lægri vexti nái fram að ganga. ASÍ mun í framhaldinu fylgjast vel með gjaldskrábreytingum sveitarfélaganna og viðbrögðum þeirra við hækkun fasteignamats.

Virðingarfyllt,

Drífa Snædal,
forseti ASÍ

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1904003 SA
Móttækið dags	24. JÚNÍ 2019
Bréfalykils nr.	16.10